

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2024

2024/EES/60/20

frá 26. apríl 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/363 frá 11. október 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205 að því er varðar umbreytingu yfir í viðmiðanirnar millibankadagvexti í Tókýó (TONA) og viðmiðunarvexti fyrir tryggða fjármögnun (SOFR) sem vísað er til í ákveðnum OTC-afleiðusamningum ⁽¹⁾.
- IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0363:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/363 frá 11. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2024/363, 22.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/363, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/363, 22.1.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.